

Reglur um hvatapeninga árið 2022

Samkvæmt samþykkt bæjarráðs Garðabæjar fá öll börn á aldrinum 5-18 ára (fædd 2004 - 2017) kr. 50.000 í hvatapening á árinu 2022. Hvatapeningana er hægt að nýta til að greiða niður gjöld í skipulögðu íþrótta-, tómsunda- og æskulýðsstarfi sem stundað er reglulega.

Hvatapeninga ársins 2022 er hægt að nýta vegna reikninga sem gefnir eru út á árinu 2021 og 2022. Réttur til hvatapeninga fyrir árið 2022 fellur niður í árslok. Ónýttir hvatapeningar geymast ekki milli ára.

Ekki er hægt að endurgreiða eða bakfæra styrk frá félögum þegar foreldri/forráðamaður hefur ráðstafað styrknum til félags.

Ef félög eru ekki tengd við skráningarkerfið Nóra/Sportabler þarf að koma reikningi til þjónustuværs Garðabæjar með upplýsingum um upphæð hvatapeninga sem á að nýta sem og upplýsingum um hvert á að endurgreiða. Athugið að ekki er hægt að koma með reikninga til endurgreiðslu hvatapeninga vegna félaga sem tengd eru Nóra/Sportabler.

Foreldrar/forráðamenn eru minntir á að nýta hvatapeninga ársins 2022 fyrir áramót. Kvittunum þarf að skila fyrir lokun þjónustuværs Garðabæjar þann 29. desember.

Reglur um notkun hvatapeninga:

- Skilyrði** þess að hægt sé að nýta hvatapeningana er að um **skipulagt starf** sé að ræða sem er stundað **undir leiðsögn** þjálfara eða leiðbeinanda og nær **yfir eina önn** eða **að lágmarki 10 vikur**. Undantekning er 5 og 6 ára börn þar sem lágmarkstímalengd námskeiða er 20 kennslustundir óháð vikufjölda. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, tónlistarnám og skátastarf.
- Hvatapeningana er ekki hægt að nýta til að kaupa árskort í líkamsræktarstöðvum en skipulögð unglínganámskeið og dansnámskeið innan líkamsræktarstöðva falla undir styrkinn. Undantekning frá þessu eru ungmenni í þremur elstu árgöngunum, þ.e. 16, 17 og 18 ára (fædd 2004, 2005 og 2006), þau geta nýtt hvatapeningana til að kaupa kort í líkamsræktarstöðvum eða á skíðasvæðum.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Garðabæjar

11. janúar 2022

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.